

15. júní 2021

Til minnis vegna Fjölnis

Fjölnir og Reginn hafa sett fram hugmynd um að aðalkeppnisvöllur Fjölnis verði við Egilshöll.

Þar verði byggð áhorfendaaðstaða og gervigrasvelli snúið frá núverandi legu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Reginn muni fjármagna þessa framkvæmd og reka mannvirkið. Til að þetta sé hægt þarf að stækka lóð vegna valla um 5.000 m<sup>2</sup> og skapa svigrúm fyrir uppbyggingu austan við nýjan völl innan lóðar Regins.

Í tillögunni er áætlað að auka greiðslur frá borginni í leigu þyrftu að nema um 21.0 mkr. á ári til 20 ára.

Borgin er þegar að greiða fyrir leigu fyrir núverandi gervigrasvöll.

Ef borgin myndi byggja áhorfendaaðstöðu fyrir Fjölnir, t.d. við Dalhús má áætla að kostnaður við slíka framkvæmd geti numið um 300-4000 mkr., a.m.k.

Innri leiga og rekstur gæti numið 35-45 mkr. á ári.

Fjölnir er á undanþágu frá KSÍ vegna aðstöðumála á knattspyrnuleikjum.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga frá nóvember 2020 kemur m.a. fram varðandi aðstöðu áhorfenda á leikjum í efstu deild í knattspyrnu:

- Krafist er 500-1500 aðskilinna, númeraðra og að hluta til yfirbyggðra sæta. Að öllu jöfnu skal lágmarkssætafjöldi leikvangs í efstu deild karla vera 1000 sæti.
- A.m.k. helmingur sæta á leikvangi skal vera yfirbyggður og innifalið í því skal alltaf vera fjölmiðlastúka og heiðursstúka.

Hjálagt:

Reglugerð KSÍ

